

Fylgiseðill

Upplýsingar um Ultracortenol® augnsmyrslu 5 mg/g

Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafraeðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið.
- Læknirinn hefur ávísað Ultracortenol til persónulegra nota. Því skal ekki gefa lyfið öðrum.

Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um:

1. Verkun og notkun
2. Mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en Ultracortenol er notað
3. Hvernig nota á Ultracortenol
4. Aukaverkanir
5. Geymsla
6. Aðrar upplýsingar

1. Verkun og notkun

Ultracortenol augnsmyrslu inniheldur prednisolon sem er samtengt nýrnahettubarkarhormón. Slík efni nefnast barksterar. Þau slá á bólgu og draga úr einkennum á borð við kláða og ertingu.

Ultracortenol er notað við bólgu í auga, sem ekki er af völdum baktería, veira eða sveppa og við alvarlegu ofnæmi.

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en Ultracortenol er notað

Ekki má nota Ultracortenol:

- Ef þú ert með ofnæmi fyrir prednisolonacetati/-pivalati eða einhverju öðru innihaldsefni í Ultracortenol.
- Ef þú ert með veiru-, sveppa- eða bakteríusýkingu í auganu, því meðferðin getur valdið því að sýkingin versni.

Sérstakar varúðarreglur

Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Ultracortenol ef:

- Þú ert í meðferð við augnsýkingu. Ræðið þetta við lækinn.
- Þú ert í langtímameðferð með Ultracortenol. Fylgjast þarf reglulega með augnþrýstingi, því þrýstingur í auga getur aukist.
- Þú ert með sykursýki. Vera má að þrýstingur í auga geti aukist og/eða að fram komi drer á auga. Ræðið þetta við lækinn.
- Þú notar augnlinsur. Ekki skal nota augnlinsur þann tíma sem meðferð með Ultracortenol varir, því lyfið inniheldur örkristalla sem geta loðað við bakhlið augnlinsunnar og skemmt glæru augans.

Þeir sem eru í langtímameðferð með Ultracortenol mega ekki hætta meðferðinni skyndilega, heldur skal dregið úr henni smám saman.

Sterar draga úr vörnum líkamans gegn sýkingum. Því skal leita til læknis komi fram augnroði, verkir í auga og eða tilfinning fyrir korni í auga, meðan meðferðin varir.

Notkun annarra lyfja

Segið læknum eða lyfjafræðingi alltaf frá því ef önnur lyf eru notuð eða hafa verið notuð nýverið. Þetta á einnig við um lausasólulyf, náttúrulyf, sem og vítamín og steinefni í stórum skömmtum.

Nota má Ultracortenol samhliða öðrum lyfjum, en þeir sem eru í meðferð við gláku eða nota önnur augnlyf (atropin og önnur andkolinvirk lyf) eiga þó fyrst að ræða það við lækning.

Ef notuð eru önnur augnlyf samhliða Ultracortenol eiga að líða minnst 15 mínútur milli þess sem lyfin eru notuð.

Meðganga og brjóstgjöf

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyf eru notuð.

Meðganga

Þungaðar konur mega ekki nota Ultracortenol nema að fyrirmælum læknis.

Brjóstgjöf

Takmörkuð reynsla er af notkun Ultracortenol. Konur sem hafa barn á brjósti ættu ekki að nota Ultracortenol. Leitið ráða hjá lækni.

Akstur og notkun véla

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Mikilvægar upplýsingar um tiltekin innihaldsefni Ultracortenol

Ultracortenol augnsmyrslir inniheldur cetosterylalkóhól og lanólín sem getur valdið staðbundnum viðbrögðum í húð (t.d. snertihúðbólgu).

3. Hvernig nota á Ultracortenol

Skammtar

Fullorðnir


3-5 mm smyrslisræma er borin undir neðra augnlokið 2-3 sinnum á dag.

Gott getur verið að nota augnsmyrslid yfir nóttina.

Fylgið ávallt fyrirmælum læknisins. Mismunandi er hve mikið hver og einn þarf af lyfinu. Hvorki skal breyta meðferðinni né hætta henni nema að höfðu samráði við lækni.

Notkunarleiðbeiningar

Hallið höfðinu aftur (mynd 1). Notið fingur til að draga neðra augnlokið niður. Haldið túpunni í annarri hendinni þannig að sprotinn vísi niður. Klemmið túpuna saman þannig að ein smyrslisræma berist í augað (mynd 2). Gætið þess að sproti túpunnar komist ekki í snertingu við neitt, því þá getur innihaldið mengast.



Mynd 1



Mynd 2

Ef of mikið er notað af Ultracortenol

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef gleymist að nota Ultracortenol

Ekki má nota tvöfaldan skammt til að bæta upp skammt sem gleymdist. Ef skammtur gleymist skal nota augnsmyrslíð strax og eftir því er munað og halda svo notkuninni áfram eins og mælt var fyrir um.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur Ultracortenol haft aukaverkanir. Greint hefur verið frá eftirtöldum aukaverkunum:

Alvarlegar aukaverkanir

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 10.000 sjúklingum): Hækkaður augnþrýstingur sem getur skemmt sjóntaugina og skert sjónsvið af völdum hækkaðs augnþrýstings (gláku), drer á auga. Langtímameðferð getur valdið því að glæra augans þynnist og/eða að á hana komi gat, einkum hjá þeim sem eru með sjúkdóma sem valda þynningu á glæru og tárú augans. Vegna hömlunar á ónæmissvörun líkamans getur langtímanotkun leitt til sýkinga í auga.

Aukaverkanir sem ekki eru alvarlegar

Algengar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 100 sjúklingum): Þokusýn í kjölfar þess að smyrslíð er borið í auga. Sársauki, sviði, roði og tilfinning fyrir korni í auga.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá 1 til 10 af hverjum 10.000 sjúklingum): Sigið augnlok og útvíkkað sjáaldur.

Í mjög sjaldgæfum tilvikum geta komið fram aukaverkanir annarstaðar í líkamanum en í augum, þegar sterar eru notaðir í auga.

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Þar með er hægt að tilkynna aukaverkanir til Lyfjastofnunar og bæta þannig þekkingu á aukaverkunum.

Sjúklingar og aðstandendur þeirra geta einnig tilkynnt aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar.

Leiðbeiningar eru á heimasíðu Lyfjastofnunar (sjá Aukaverkanir) www.lyfjastofnun.is

5. Geymsla

- Geymið Ultracortenol þar sem börn hvorki ná til né sjá.
- Geymið Ultracortenol við lægri hita en 25°C.
- Notið ekki Ultracortenol eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á túpunni og á öskjunni.
- Eftir að túpan hefur verið opnuð má ekki nota augnsmyrslíð lengur en í 1 mánuð.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Aðrar upplýsingar

Ultracortenol augnsmyrslí inniheldur:

- Virka innihaldsefnið í Ultracortenol augnsmyrslí er prednisolonpivalat 5 mg/g.
- Önnur innihaldsefni eru: Cetosterylalkóhól, vatnsfrítt lanolin, hvítt vaselín, paraffínolía og hreinsað vatn.

Markaðsleyfishafi

AGEPHA Pharma s.r.o.

Diaľničná cesta 5

SK-903 01 Senec

Slóvakia

Framleiðandi

AGEPHA Pharma s.r.o.

Diaľničná cesta 5

SK-903 01 Senec

Slóvakia

Fylgiseðillinn var síðast endurskoðaður í apríl 2021.